



Rangárþing eystra

FUNDARGERÐ

**81. fundur Stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
haldinn í slökkvistöðinni á Hellu, föstudaginn 5. apríl 2024 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Anton Kári Halldórsson, Eggert Valur Guðmundsson, Þráinn Ingólfsson, Valtýr Valtýsson, Leifur Bjarki Björnsson og Jón Guðmundur Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Anton Kári Halldórsson, Formaður.

Dagskrá:

1. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs; Ársreikningur 2023 - 2404147

Lagður fram til staðfestingar ársreikningur Brunavarnar Rangárvallasýslu bs. fyrir árið 2023.

Rekstrarniðurstaða byggðasamlagsins var jákvæð á árinu 2023 að fjárhæð 2,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi.

Eigið fé í árslok var jákvætt um 59,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

2. Brunavarnir Rang; Kostnaðaráætlun vegna nýs dælubíls - 2310040

Slökkviliðsstjóri fer yfir fyrirbyggjandi kröfulýsingu vegna útboðs á dælubíl. Lýsingin hefur verið rýnd af Ríkiskaupum sem gera ekki athugasemd við lýsinguna.

Stjórn felur slökkviliðsstjóra að bjóða verkið út í samráði við Ríkiskaup. Samþykkt samhljóða.

3. Brunavarnir Rang; Ástand húsnæðis - 2310039

Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu mála og það sem gert hefur verið frá því að málið var síðast á dagskrá. Formanni stjórnar og slökkviliðsstjóra falið að fá lögmann til þess að vinna málið áfram fyrir hönd Brunavarna Rangárvallasýslu bs. í samráði við aðra eigendur hússins.

Samþykkt samhljóða.

4. Brunavarnir Rang; Íþróttastyrkir til starfsmanna - 2310038

Afgreiðslu málsins frestað. Slökkviliðsstjóra og formanni stjórnar falið að vinna drög að

*reglum um íþróttastyrki til starfsmanna og leggja fyrir næsta stjórnarfund.
Samþykkt samhljóða.*

5. Brunavarnir Rang; Samningur við Landsvirkjun - 2310036

*Slökkviliðsstjóri og sveitarstjóri Rangárþings ytra fóru yfir stöðu mála.
Þjónustusamningur á milli Landsvirkjunnar og Brunavarna Rangárvallasýslu hefur verið
undirritaður og er komin til framkvæmda. Fjárfestingarsamningur milli sömu aðila er í
vinnslu.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:46

Anton Kári Halldórsson

Eggert Valur Guðmundsson

Þráinn Ingólfsson

Valtýr Valtýsson

Leifur Bjarki Björnsson

Jón Guðmundur Valgeirsson